

Fundargerð háskólaráðs

331. fundur þann 24. júní 2013

kl. 12.45 – 14.15 í fundaherbergi 262, Borgum

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 12.45.

Mættir voru auk hans:

Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins
Óskar Þór Vilhjálmsson fulltrúi háskólasamfélagsins
Kristín Ástgeirs dóttir fulltrúi menntamálaráðherra
Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs
Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs
Hafdís Erna Ásbjarnardóttir fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Gestir:

Árún Kr. Sigurðardóttir forseti heilbrigðisvínsindasviðs
Embla Eir Oddsdóttir forstöðumaður Norðurslóðanets Íslands

Rektor kynnti dagskrá.

1. Fundargerð síðasta fundar, mál til kynningar

1301019

- Rektor sagði frá brautskráningu þann 15. júní sl. Hann var viðstaddur athöfn á Hrafnseyri á 17. júní en hún var haldin fyrir útskriftarnemendur frá HSVest. Sama dag var Helgi M. Bergs við athöfn í Keflavík vegna brautskráningar fjarnema gegnum símenntunarmiðstöðina þar.
- Dagana 25. – 27. júní 2014 verður árleg ráðstefna Rectors' Forum (vettvangur rektora og fleiri stjórnenda háskóla innan University of The Arctic) haldin í HA. Temað verður siglingar á norðurslóðum.
- Rektor sagði frá því að ný jafnlaunakönnun innan HA leiðir í ljós að ekki er um að ræða



kynbundinn launamun meðal starfsfólks háskólans.

2. Rekstraryfirlit janúar-máí

1303034

Ólafur dreifði yfirlitinu og útskýrði það. Staða kennsludeilda og stjórnsýslu/stoðbjónustu er 41,34% af viðmiði sem er 41,66%. Eftir er að greiða út kostnað vegna lækkaðrar kennsluskyldu kennara (úr 54% í 52%) afturvirktil janúar 2012. Gert var ráð fyrir þeim kostnaði. Rekstur stjórnsýslu/stoðbjónustu verður í samræmi við á ætlun í árslok og einnig rekstur ýmissa annarra verkefna. Þá verður rekstur stofnana og setra með eigin tekjur innan marka. Reiknað er með 10-15 mkr. afgangi af rekstri háskólans í árslok. Þar með er uppsafnaður rekstrarhalli úr sögunni.

Rektor þakkaði Ólafi fyrir og fór hann af fundinum.

3. Reglur um breytingar á reglum um heilbrigðisvíssindasvið nr. 610/2009

1308023

Árún kom á fundinn og bauð rektor hana velkomna.

Gerði hún grein fyrir því að um er að ræða uppfærslu í samræmi við ný heildar lög um heilbrigðisstéttir.

Árún svaraði fyrirspurnum, m.a. um uppbyggingu meistaránáms í heilbrigðisvíssindum. En HA er eini háskólinn sem býður upp á slíkt nám.

Háskólaráð samþykkti breytingarnar. Rektor þakkaði Árúnu fyrir og fór hún af fundinum.

4. Kynning á Norðurslóðaneti Íslands.

"[málsnúmer]"

Embæta Eir kom á fundinn og bauð rektor hana velkomna. Kynnti hún starfsemi Norðurslóðanetsins (The Iceland Arctic Cooperation Network). Aðaltilgangur þess er að stuðla að aukinni tengslamyndun og samvinnu þeirra stofnana og aðila sem vinna að norðurslóðamálum og að veita ráðgjöf á því sviði.

Norðurslóðanetið er sjálfseignarstofnun sett á laggimur 2012.

Stjórn Norðurslóðanetsins skipa:

1. Stefán B. Sigurðsson rektor, fulltrúi Háskólans á Akureyri og stofnana hans

[Handwritten signatures]

2. Þorsteinn Gunnarsson sviðsstjóri hjá Rannís, fulltrúi annarra opinberra mennta og/eða rannsóknastofna
3. Halldór Jóhannsson framkvæmdastjóri Arctic Portal, fulltrúi aðila sem ekki eru opinberar mennta- eða rannsóknastofnanir, þ.e. einkaaðila og fleiri sem ekki tilheyra ofangreindum hópum.

Stofnaðilar Norðurslóðanetsins voru 9 talsins en fleiri hafa bæst við.

Starfsemi Norðurslóðanetsins er ekki bundin við Ísland heldur er stefnt að víðtækri samvinnu. Á alþjóðavettvangi er mikill áhugi á siglingamálum og auðlindum á norðurslóðum en nokkuð skortir á þekkingu á ýmsum öðrum málum sem varða norðurslóðir.

Embla Eir svaraði fyrirspurnum. Rektor þakkaði henni fyrir og fór hún af fundinum.

Kristín Ástgeirs dóttir gat þess að Jafnréttisstofa er orðin aðili að Norðurslóðanetinu, og að til stendur að stofna net um stöðu kynjanna á norðurslóðum.

Svanfríður minnti á grænlenska sýningu sem nú stendur í Byggðasafninu Hvoli á Dalvík.

5. Önnur mál

Rektor upplýsti að enn á mennta- og menningarmálaráðuneytið eftir að tilnefna fulltrúa í dómnefnd HA.

Næsti fundur var ákveðinn 26. ágúst. Tillaga var um

30. september

28. október

25. nóvember.

Rektor óskaði fundarmönnum góðs og gleðilegs sumars.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.15. Háskólaráðsfulltrúar fóru að skoða nýbyggingu háskólans, sem tekin verður í notkun í haust, undir leiðsögn Ólafs Búa Gunnlaugssonar.

*Kristín Ástgeirs dóttir
Hafdís Ema Asbjarnardóttir
Hermína Gunnlaugsdóttir
Jón Þórir Jónasson
Sigríður Áslaug Ólafsdóttir*